

Lét gott af sér leiða

„Ég hef verið með nemendur á öllum aldri; þann elsta um áttrætt og þeir sem hafa lokið námskeiðinu hafa náð undra-verðum árangri,“ segir Bjartmar Þór Kristinsson, framkvæmdastjóri og fjarkennari hjá tölvuskólanum Nemandi.is, sem ákvað í vetur að sýna gott fordæmi eftir bankahrunið með ókeypis námskeiðum fyrir þá sem hafa átt við andleg eða líkamleg veikindi að glíma.

Bjartmar segir námskeiðin að mörgu leyti sniðin að þörfum hvers og eins; þannig sé líka boðið upp á fjarkennslu fyrir þá sem eiga erfitt með að starfa í hóp. Með tilkomu námstyrktarsjóðs hefur verið hægt að bjóða þátttakendum á tölvunámskeiði í fjarnámi það sér að kostnaðarlausu.



Bjartmar ákvað að láta gott af sér leiða í kreppunni og bjóða þeim sem minna mega sín upp á ókeypis tölvunámskeið.

„Ég vil þakka Geðhjálp fyrir aðstoðina, sértaklega Sveini Magnússyni framkvæmdastjóra og Sigríði Jónsdóttur verkefnisstjóra, sem tóku höfðinglega í þá bón að aðstoða okkur við að kynna þetta úrræði og við vinnslu umsókna,“ segir Bjartmar.

Nánari upplýsingar á www.nemandi.is.